

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl, 2021

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (93/2021)

Á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þann 31. mars, var óskað er eftir umsögnum um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.

Landssamtök sauðfjárbænda (LS) hafa farið yfir frumvarps drögin og gera athugasemd við eftirfarandi:

Landssamtök sauðfjárbænda mótmæla fyrirhuguðum breytingum á ákvæðum laga er varða virðisaukaskattskil landbúnaðaraðila. Í dag skila bændur VSK skilum á 6 mánaða fresti en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir þeir sem stunda landbúnað skili VSK skýrslu vegna reksturs síns á tveggja mánaða fresti.

Landssamtök sauðfjárbænda telja að breytingin muni fela í sér óhagræði og aukinn kostnað við bókhald og koma sér illa fyrir sauðfjárbændum í ljósi þess að dreifing tekju- og gjaldaliða er mjög ójöfn yfir árið.

Landssamtök sauðfjárbænda leggjast gegn því að frumvarpið verði að lögum óbreytt og fara fram á að tekið verði tillit til sérstöðu búgreinarinnar.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka sauðfjárbænda



Unnsteinn Snorri Snorrason
Framkvæmdastjóri